

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

F U N D A R G E R Ð

164. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli, miðvikudaginn 25. febrúar 2014 kl. 10:00.

Mætt: Ágúst Ingi Ólafsson, Nanna Jónsdóttir, Sigfús Davíðsson, Ágúst Sigurðsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Ómar Sigurðsson og Guðmundur Einarsson sem ritaði fundargerð.

Ágúst Ingi Ólafsson setti fund og stjórnaði honum.

Þetta gerðist:

1. Náttúran ehf. Kynning á endurvinnslukorti.

Einar Bergmundur Arnbjörnsson og Guðrún Arndís Tryggvadóttir frá Náttúrunni ehf, kynntu endurvinnslukort fyrir Ísland, sem sveitarfélög landsins geta keypt sér aðgang að.

2. Ársreikningur 2014.

Ársreikningur 2014 lagður fram. Rekstrarhagnaður ársins nam kr. 2.604.403, eigið fé í árslok nam kr. 48.062.994 og veltufé frá rekstri nam kr. 9.294.012.

Ársreikningurinn samþykktur-og undirritaður af stjórn og vísað til aðalfundar.

3. Undirbúningur að endurnýjun kynningarbæklings.

Ákveðið að láta taka myndir á Strönd fyrir nýjan kynningarbækling.

4. Bréf Umhverfisstofnunar dags. 16.12.2014, reglubundið eftirlit að Strönd, ásamt eftirlitsskýrslu.

Lagt fram til kynningar.

5. Bréf Umhverfisstofnunar dags. 22.01.2015, tilkynning um móttöku umsóknar um starfsleyfi.

Lagt fram til kynningar.

6. Önnur mál.

Rætt um möguleika til afsetningar á sláturúrgangi og dauðum dýrum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 11:30